



Framkvæmda- fréttir

1. tbl. /09



Vegagerð á Norðfjarðarvegi (92) um Hólmaháls þann 9. janúar 2009. Verktaki er Suðurverk hf. Mynd: Sóley Jónasdóttir



Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri skrifar

Útboð hefjast að nýju

Eins og fram kom í 27. tbl. Framkvæmdafrétta í nóvember síðastliðnum fékk Vegagerðin fyrirsmáli um að bjóða ekki út nein ný verk né ganga til samninga fyrr en áætlanir um ríkisfjármálin hefðu verið endurskoðaðar. Reiknað var með að þetta væri tímabundið ástand þar til ný fjárlög hefðu verið samþykkt. Fjárlög voru síðan samþykkt skömmu fyrir jól og nú hefur verið ákveðið að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og koma útboðsferli af stað aftur.

Niðurstöðutala fjárveitinga til vegagerðar árið 2009 sýnir að draga verður töluvert úr nýframkvæmdum á árinu, miðað við það sem áætlað var í gildandi vegáætlun 2007 -2010. Áætla má að um 5 milljarða króna vanti til að geta staðið við þá áætlun,

en samt eru það tæplega 21 milljarðar króna sem renna til framkvæmda á árinu, af 32 milljarða króna heildarfjárveitingu til vegamála. Af öðrum stórum liðum má nefna tæplega 5,2 milljarða króna til viðhalds, um 3,7 milljarða til þjónustu (sumar- og vetrarþjónustu) og 1,4 milljarða til almennings-samgangna (styrkir til ferja, sérleyfishafa í fólksflutningum og innanlandsflugi).

Aldreí hefur jafnmiklu fé verið varið til nýframkvæmda í vegagerð og árið 2008. Fjöldamörg verkefni voru þá sett af stað sem verða áfram í gangi á þessu ári og sum hófust jafnvel enn fyrr. Í heild má ætla að 14 milljarðar af fjárveitingum ársins séu þegar skuldbundnir vegna þessara verkefna, sem sýnd voru á korti í framangreindu tölublaði Framkvæmdafrétta. Það þýðir að unnt verður að bjóða út ný verk fyrir 6 - 7 milljarða á árinu. Árið 2009 verður því næstmesta framkvæmdaár í vegagerð frá upphafi.

Enn er ekki að fullu ljóst hvaða verk það eru sem verða

framhald á bls. 2

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar
Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is


1. tbl. 17. árg. nr. 514 26. jan. 2009

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

boðin út á árinu. Byrjað verður á þeim verkefnum sem voru komin á útboðsstig þegar fyrirmæli bárust um stöðvun útboða. Þetta eru verk sem voru á vegáætlun 2008 og hafa því þegar verið samþykkt af Alþingi í gildandi samgönguáætlun. Tilmæli eru um að horfa einkum til verkefna á suðvesturhorni landsins vegna atvinnuástandsins og ekki síst þeirra verka sem eru mannaflsfræk. Ekki er ólíklegt að um helmingur fjármagns til nýframkvæmda renni til þessa landshluta en annað skiptist á önnur landsvæði.

Óhjákvæmilegt er að fresta einhverjum af þeim verkefnum sem voru á áætlun 2008 og 2009 bæði vegna lægri fjárveitinga og vegna þess að verðbólgan hefur gert þau verk sem eru í vinnslu mun dýrari en ætlað var. Vonir standa til að í flestum tilfellum komist þessi verkefni á dagskrá 2010 þótt engin vissa sé fyrir því eins og er. Áfram verður unnið að hönnun og öðrum undirbúningi og ekkert verkefni lagt til hliðar.

Ekki er reiknað með að leggja fram endurskoðaða samgönguáætlun að svo stöddu, heldur er lögð áhersla á að drífa strax í útboð þau verk sem eru tilbúin og eru á gildandi vegáætlun eins og áður sagði. Reynt verður að dreifa útboðum á næstu mánuði þannig að verktakar geti unnið og lagt fram sín tilboð með tilliti til þess hvort þeir hafa áður fengið verk eða ekki, og til að styðja eðlilega verðþróun með því að hafa ekki of mikið af útboðum á sama tíma. Stefnt er að því að bjóða sem flest verkanna út á næstu þremur til fjórum mánuðum til að nýta



Fjárveitingar til vegamála 1990-2009

sem mest af sumartímanum til framkvæmda. Þó er reiknað með að bjóða einnig út einhver verk síðar á árinu eftir því sem undirbúningi miðar og eftir því hvaða fjármagn verður til ráðstöfunar eftir að niðurstöðutölur útboða næstu mánaða liggja fyrir og ef verðþróun almennt verður hagstæð.

Í þessu tölublaði er auglýst eitt útboð, Rangárvallavegur, en það útboð var dregið til baka eftir auglýsingu í október. Þá er einnig kynnt að annað verk, Vestfjarðavegur, Vatnsfjörður - Kjálkafjörður, verði formlega auglýst næsta mánudag, 2. febrúar. Á sama tíma verða líka kynnt fleiri verkefni sem boðin verða út á næstu vikum.

Héðinsfjarðargöng


Gröftur Héðinsfjarðarganga:	vika 2	vika 3	Heild
Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar:	49 m	45 m	1.815 m
Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar:	54 m	63 m	4.485 m
Samtals er búið að sprengja 9.940 m eða 94% af heildarlengd og eftir eru því alls 630 m.			

Bolungarvíkurgöng

Gröftur Bolungarvíkurganga:	vika 2	vika 3	Heild
Frá Hnífsdal:	55 m	59 m	776 m
Frá Bolungarvík:	3 m	13 m	847 m
Samtals er búið að sprengja 1.623 m eða 31,5% af heildarlengd.			

Vefsíður


Á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, er að finna upplýsingar um þessar framkvæmdir í hliðarvalmynd undir „framkvæmdir“.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 19. jan. 2009. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.



Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir, 4. september 2008. Flái jafnaður. Verktaki: Héraðsverk ehf.



Bolungarvíkurgöng 19. janúar. Lengd frá Bolungarvík 847 m, frá Hnífsdal 776 m. Samtals 1.623 m eða 31,5% af heildarlengd.



Búið er að sprengja 1.815 m í Héðinsfirði og 4.485 m í Ólafsfirði. Samtals 9.940 m sem er 94 % af heildarlengd.

Veggöng, stærstu brýr og nokkrir fjallvegir

Þessi opna sýnir yfirlit vegganga, nokkurra fjallvega og stærstu brúa á þjóðvegum. Stærðir mannvirkjanna eru sýndar með einföldum táknum sem eru í réttum hlutföllum innbyrðis.


Brýr eru taldar upp eftir lengd og flatarmáli akbrautar. Lengsta brú landsins, Skeiðarárbrú, er að mestu leyti með einbreiðri akbraut og því telst Borgarfjarðarbrú stærst ef miðað er við flatarmál akbrautar.

Lengstu veggöng frá munna til munna verða Héðinsfjarðargöng, Ólafsfjarðarleggur, 7.100 metrar. Næst koma koma göng undir Breiðadals- og Botnsheiði á milli Breiðadals og Botnsdals, 7.057 metrar. Héðinsfjarðargöng eru í tveimur leggjum og ekið um Héðinsfjörð. Áætlað er að opna þau fyrir umferð árið 2010. Veggöng undir Hvalfjörð eru í eigu Spalar ehf. og rekin með veggjaldi.


Á línuriti er sýnd hlutfallsleg hæð 18 fjallvega í metrum yfir sjávarmáli. Vegur yfir Reynisfjall við Vík í Mýrdal er ekki nema 119 m y.s. en er samt hæsti hluti vegarins á milli Hveragerðis og Hafnar í Hornafirði. Hæst er farið á þjóðvegi á landinu á Sprengisandsleið á Nýjabæjarafretti, 940 m y.s.

Lengstu brýr

mælikvarði 1: 10.000





Mesta flatarmál akbrautar á brú



Veggöng

mælikvarði 1: 100.000

- | | | |
|----|--------------------------------|----------|
| 1 | Héðinsfjarðargöng 2009 | 11.000 m |
| 2 | Breiðadals- og Botnsheiði 1996 | 9.160 m |
| 3 | Fáskrúðsfjarðargöng 2005 | 5.900 m |
| 4 | Hvalfjörður | 5.770 m |
| 5 | Bolungarvíkurgöng 2010 | 5.400 m |
| 6 | Ólafsfjarðarmúli 1991 | 3.400 m |
| 7 | Almannaskarð 2005 | 1.300 m |
| 8 | Strákagöng 1967 | 800 m |
| 9 | Oddsskarð 1977 | 640 m |
| 10 | Arnardalshamar 1948 | 30 m |



Útboðsverk 2008

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2008, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Tilboðsupphæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Almenna verkfræðistofan hf. kt. 470671-0179 Fellsmúla 26, 108 Reykjavík 07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit14.935.701 08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit27.642.473	
Árni Helgason ehf. kt. 670990-1769 Hlíðarvegi 54, 625 Ólafsfjörður 08-002 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg33.403.000 06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss564.200.000	
Árni Helgason kt. 311252-6319 Hlíðarvegi 54, 625 Ólafsfjörður 08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi – Illugastaðir.99.501.000	
Ásberg ehf. kt. 700395-3089 Háholti 14, 270 Mosfellsbær 07-097 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikkahverfi119.968.381	
B.M. Vallá kt. 530669-0179 Bíldshöfða 7, 110 Reykjavík 07-101 Niðurrekstrarstaurar fyrir Héðinsfjarðará.4.853.411	
Bíladrangur ehf. kt.530606-1470 Níkhóll, 871 Vík 08-067 Meðallandsvegur (204), sunnan Fossa 31.100.700	
Borgarverk Borgarnesi ehf. kt. 560103-3280 Sólbakka 17-19, 310 Borgarnes 06-031 Hringvegur (1), gatnamót við Borgarbraut 93.508.000	
Borgarverk ehf. kt. 540674-0279 Sólbakka 17-19, 310 Borgarnes 07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svíndalsvegur 84.530.000 08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 ... 345.744.000	
Fjarðaferðir kt. 630606-0980 Óseyri 1, 730 Fjarðarbyggð 08-076 Mjóafjarðarferja 2008-201136.816.000	
Fjörður ehf., kt. 521203-3660 Víðimel, 560 Varmahlíð 07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg25.665.000	
Fossvélar ehf. kt. 531271-0179 Hrísmýri 4, 800 Selfoss 08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008 159.020.000	
Framrás ehf. kt. 591289-0559 Smíðjuvegi 17, 870 Vík 08-028 Vegir undir Eyjafjöllum; Skálavegur (246)- Skógar (2288) - Mýrdalsjökulsvegur 32.012.850	
G.V.Gröfur ehf. kt. 500795-2479 Frostagötu 4a, 603 Akureyri 08-004 Dagverðareyrarvegur (816), Hringvegur - Helluland ...44.781.000	

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
GeoTek ehf. kt. 610303-2850 Álfamýri 69, 108 Reykjavík Línuhönnun hf. kt. 621079-0189 Suðurlandsbraut 4a, 108 Rvk. 07-085 Óshlíðargöng, eftirlit222.046.000	
Gísli Þorgeir Einarsson kt. 301162-4489 Laugum, 845 Flúðir 08-072 Örnólfssdalsá, hengibrú - stálsmíði7.609.594	
Glaumur ehf. verktakafélag kt. 491202-3780 Birkihæð 5, 210 Garðabær	
Ris ehf. kt. 112233-4455 Skeiðarási 12, 210 Garðabær 08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg ...583.626.400	
GSG vörubílaakstur - trésmíði ehf. kt. 521200-2860 Kriubakka 4, 465 Bíldudalur 08-046 Vetrapjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008 - 201110.050.000	
GT verktakar ehf. kt. 530301-2570 Rauðhelli 1, 221 Hafnarfjörður 08-047 Vetrapjónusta Suðvestursvæði 2008 - 2013110.045.650	
Háfell ehf. kt. 690186-1609 Skeifunni 11a, 108 Reykjavík 08-080 Hlíðarendavegur í Ólfusi (380)78.545.000 08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur188.450.000	
Heflun ehf. kt. 500402-2880 Lyngholti, 851 Hella 08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur28.492.150 08-031 Fjallabaksleið nyrðri, Sprengisandsleið - Sigalda30.181.000	
Héraðsverk ehf. kt. 680388-1489 Lyngási 5-7, 700 Egilsstaðir 08-069 Norðausturvegur (85) , Fremri-Háls - Sævarland243.631.905	
Hjörtur Jónsson kt. 131055-4399 Læk í Ólfusi, 815 Þorlákshöfn 08-071 Girðingar á Suðursvæði 200827.579.980	
Hrafn Magnússon kt. 070559-5609 Ljósalandi, 801 Selfoss 08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008 - 201013.938.000	
Íslenskir aðalverktakar hf. kt. 660169-2379 Höfðabakka 9, 110 Reykjavík Marti Contractors Ltd. Sviss 07-062 Óshlíðargöng 3.479.000.000	
Ísrefur ehf. kt. 470508-2560 Höfn 2, 601 Akureyri 08-081 Vetrapjónusta í Eyjafirði og á Hringvegi að Krossi 2008-201339.575.530	



Hringvegur (1), gatnamót við Borgarbraut. Verk fullbúið. Verktaki var Borgarverk Borgarnesi ehf.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Ístak hf. kt. 540671-0959 Engjateigi 7, 105 Reykjavík 08-058 Reykjanesbraut (41), breikkunn Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð	807.129.603
Jóhann Á. Guðlaugsson ehf. kt. 420905-0250 Vesturbraut 22, 370 Búðardalur 08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	20.506.675
K N H ehf. kt. 710795-2239 Grænagarði, 400 Isafjörður 08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðarheiði, Egilsskarð - sæluhús	193.344.350
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur	697.393.220
Klæðning ehf. kt. 440786-1389 Reykjavíkurvegur 68, 220 Hafnarfjörður 07-090 Lyngdalsheiðavegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	500.000.000
Línuhönnun hf. kt. 621079-0189 Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík 08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilstaðaveg, eftirlit	16.800.000
Loftorka Reykjavík ehf. kt. 571285-0459 Miðhrauni 10, 210 Garðabær 08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“ 08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik	89.089.000 238.423.400
Malarvinnslan hf. kt. 550280-0199 Miðási 37, 700 Egilsstaðir 08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum 08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, norðurhluti. Klæðing	57.999.091 94.071.140
08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, austurhluti - klæðing	116.760.252
Malbikun K-M ehf. kt. 690598-2059 Flógusiðu 2, 603 Akureyri 08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik	39.990.000
Malbikunarstöðin Höfði hf. kt. 581096-2919 Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík 08-030 Yfirlagnir á Suðursvæði 2008, malbik	67.188.000
Mjólnir vörubílstjórafélag kt. 470269-2869 Hrismýri 1, 800 Selfoss 08-078 Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325)	19.182.200
Myllan ehf. kt. 460494-2309 Miðási 12, 700 Egilsstaðir 08-037 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2008 - norðurhluti	34.102.200
Nesey ehf. kt. 700693-2369 Suðurbraut 7, 810 Selfoss 07-091 Auðsholtsvegur (340) um Syðra Langholt	41.123.700
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169 Gagnheiði 35, 800 Selfoss 08-035 Festun og yfirlögn á Suður- og Suðvestursvæði 2008 - 2009	912.793.616

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Sigurjón Hjartarson kt. 200455-2749 Brjansstöðum, 810 Selfoss 08-073 Grafningsvegur efri (360), um Úlfjótssvatn 07-031 Þórsmurkurvegur (249), Glijúfurá - Merkurvegur 08-065 Þingskálavegur (268); Rangárvallavegur - Heiði 08-027 Búrfellsvegur (351-01), Biskupstungnabraut - Klausturhólar 08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	21.386.600 24.456.150 36.230.000 40.686.300 106.976.910
Skagfirskir verktakar kt. 660106-0490 Aðalgötu 21, 550 Sauðárkrúkur 07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgrata	102.701.800
Skrauta ehf. kt. 700603-4820 Vesturholt 8, 220 Hafnarfjörður	
Suðurverk hf. kt. 520885-0219 Drangahrauni 7, 220 Hafnarfjörður 07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	668.950.970
Stafnafell ehf. kt. 490300-2360 Kálfárvöllum, 356 Ólafsvík 07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - Norður-Bár	68.836.500
Strendingur ehf. kt. 460295-2389 Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjörður 08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit	45.200.000
Suðurverk hf. kt. 520885-0219 Drangahrauni 7, 220 Hafnarfjörður 07-088 Norðfjarðarvegur (9207) um Hólmaháls 08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð	268.991.299 1.867.664.916
Vegmerking ehf. kt. 701293-2669 Eirhófi 14, 110 Reykjavík 08-041 Yfirborðsmerkingar vegmálun 2008 - 2010	41.690.000
Verkæðistofan Hnit hf. kt. 510573-0729 Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík 08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhammsvegur, hönnun	28.999.730
VSÓ - Ráðgjöf ehf. kt. 681272-0979 Borgartúni 20, 105 Reykjavík 08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafvatnsvegur, hönnun 08-056 Lyngdalsheiðarvegur, eftirlit.	12.577.327 20.000.000
Vöggur ehf. kt. 531097-2549 Íðnaðarhverfi 11, 750 Fáskrúðsfjörður 07-080 Vetrapjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðarvegur	7.240.900
Ylur ehf. kt. 430497-2199 Miðás 18, 700 Egilsstaðir 07-063 Upphæðsvegur (931), Setberg - Ormarsstaðaá	67.287.110



Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur. Núverandi vegur. Verktaki nýbyggingar er KNH ehf.

Verk í vinnslu

Listi yfir verk í vinnslu er óbreyttur frá síðasta tölublaði.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rault númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
Listi með fleiri verkum verður væntanlega birtur í næsta tölublaði 2. febrúar	
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	02.02.09
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbretta	26.01.09 10.02.09
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun	28.07.08 02.09.08
Samningum lokið	Opnað: Samið:
08-084 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur	07.10.08 22.01.09

Auglýsingar útboða

Rangárvallavegur (264), Hringvegur – Akurbrekka 08-034

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð á 7,4 km löngum kafla Rangárvallavegar (264), frá Hringvegi að Akurbrekku.

Helstu magntölur eru:

Skering	10.850 m ³
Fylling	15.510 m ³
Fláafleygar	5.900 m ³
Neðra burðarlag	27.030 m ³
Efra burðarlag	6.670 m ³
Ræsi	54 m
Tvöföld klæðing	49.040 m ²
Frágangur fláa	74.600 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 27. janúar 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. febrúar 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Útboð í næstu viku

Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður



Vestfjarðarvegur (60) í Vatnsfirði. Vegagerð á þessum kafla er boðin út í næsta blaði, 2. febrúar.